

Ed. 40. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning ávaxta.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að leyfður verði innflutningur á hinum nauðsynlegustu ávöxtum til landsins og veitt til þess nægileg gjaldeyrisleyfi.

Greinargerð.

Í landi eins og Íslandi, þar sem svo fátt er um hverskonar jarðaravöxt, verða ávextir að teljast til nauðsynjavara, fyrst og fremst vegna þeirra fjörefna, sem í þeim eru. Verður sérstaklega að teljast mikill bagi að því og skaðlegt frá heilsufræðilegu sjónarmiði að verða algerlega að neita börnum um ávexti, en þó einkum í kaupstöðum, þar sem mjög skortir á fjörefni í fæðuna. --- Verðmæti innfluttra ávaxta er tiltölulega svo lítið, að ekki munar miklu, þó innflutningur á þeim sé leyfður, en gefur ríkissjóði hinsvegar drjúgar tolltekjur.